

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Þór) VRIII (mýs og rottur) 2019



<b>Dags eftirlits</b>	15.12.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands (Þór)	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Vatnsmýrarvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þór Eysteinnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	85.14.3
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur í VRIII. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar Háskóla Íslands fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur í afmörkunarflokki 2. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis ( kafli 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Um er að ræða leyfi sem felur í sér innflutning og rannsóknir á allt að 200 erfðabreyttum músum og allt að 60 erfðabreyttum rottum í einu. Fram kom í eftirliti að nú væru mjög fáar mýs og engar rottur í rannsóknastaðstöðu. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á starfseminni.

Farið var yfir ákvæði leyfisins samhliða skoðunarferð um húsnæðið. Bókhald er haldið um skráningu úrgangs og er förgun hans í samræmi við ákvæði leyfisins. Aðgangsstýring er að húsnæðinu, hlífðarbúnaður í lagi og ræktun í lokuðu kerfi. Engin efni eru notuð í húsnæðinu sjálfu. Hver rannsóknamaður heldur sína vinnudagbók. Húsnæðið var allt skipulagt, snyrtilegt og í samræmi við ákvæði leyfisins.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir